

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur 2024

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 560276-0289

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningnum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2024.

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð á árinu 2024 að fjárhæð 27,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 123,2 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga og Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Austurlandi, / 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2024, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Austurlandi, / 2025

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	Áætlun 2024	2023
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		40.556.673	32.223.337	30.827.518
Önnur rekstrarframlög		228.785.535	199.229.923	202.735.716
Aðrar tekjur		0	0	1.485.268
	1b	<u>269.342.208</u>	<u>231.453.260</u>	<u>235.048.502</u>
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		26.066.721	27.575.840	25.277.313
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3	11.013.143	13.500.000	11.019.525
Annar stjórnunarkostnaður		4.818.694	6.600.000	4.443.713
Funda- og ferðakostnaður		5.653.468	6.500.000	5.140.830
Sérverkefni, beinn kostnaður		215.973.322	173.714.012	174.313.818
	1c	<u>263.525.348</u>	<u>227.889.852</u>	<u>220.195.199</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		5.816.860	3.563.408	14.853.303
Vaxtatekjur		23.233.512	2.000.000	12.362.323
Niðurfærsla eignarhluta	(	665.000)	0	0
Vaxtagjöld	(	600.690)	0	(15.483)
		<u>21.967.822</u>	<u>2.000.000</u>	<u>12.346.840</u>
Rekstrarafgangur	2	<u><u>27.784.682</u></u>	<u><u>5.563.408</u></u>	<u><u>27.200.143</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutur í SV Aust ehf.		0	665.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	3.867.389	4.060.496
		<u>3.867.389</u>	<u>4.725.496</u>
Fastafjármunir		<u>3.867.389</u>	<u>4.725.496</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Krafa vegna lögbanns	5	7.000.000	7.000.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	193.107	193.107
Aðrar skammtímakröfur	6	14.477.238	16.316.697
Handbært fé.....	1e	451.445.485	345.334.737
Veltufjármunir		<u>473.115.830</u>	<u>368.844.541</u>
Eignir samtals		<u><u>476.983.219</u></u>	<u><u>373.570.037</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	2	<u>123.192.359</u>	<u>95.407.677</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	3	116.816.036	114.253.680
Skuldbinding SvAust ehf.	5	26.252.211	0
		<u>143.068.247</u>	<u>114.253.680</u>
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	56.236.573	56.236.573
Ógreiddur rekstrarkostnaður		130.903.540	89.517.107
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs		23.582.500	18.155.000
		<u>210.722.613</u>	<u>163.908.680</u>
Skuldir samtals		<u>353.790.860</u>	<u>278.162.360</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>476.983.219</u></u>	<u><u>373.570.037</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

e. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár

f. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2024	95.407.677
Rekstrarafgangur ársins	27.784.682
Eigið fé 31.12.2024	123.192.359

3. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrissgreiðslna til fyrirverandi starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	114.253.680
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	11.013.143
Greiddur lífeyrir á árinu	(8.450.787)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	116.816.036

4. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag varúðarsjóðs á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú á árinu 2018 eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2022 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar sjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	3.893.601	360.002	4.253.603
Gjaldfært á árinu 2024.....	(166.274)	(26.833)	(193.107)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	3.727.327	333.169	4.060.496
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:			
Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjármuna.....	166.274	26.833	193.107
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	3.561.053	306.336	3.867.389
Samtals í efnahagsreikningi.....	3.727.327	333.169	4.060.496

5. Skuldbinding SvAust ehf.

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna bankainnistæðna sem félagið hefur í vörslu vegna slita SvAust - Almenningsamgangna ehf. á árinu. Skuldbindingin nemur 26,3 millj. kr. og er færð meðal skulda.

Skýringar, frh.:

6. Skaðabótakrafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólkflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekkð með dómi Héraðsdóms 6. maí 2013.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem úrskurðaði þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna höfðaði þann 18. mars 2014 skaðabótamál á hendur SSA og krafist bóta að fjárhæð 475 millj. kr. Í framhaldinu stefndi SSA Vegagerðinni inn í málið.

Í janúar 2016 skilaði dómskvaddur matsmaður niðurstöðu sinni og var hún hærri en bótakrafa stefnanda og framhaldsstefndi Sterna þá og hækkaði kröfur sínar til samræmis við niðurstöðu matsmanns og nemur dómkrafan nú 589 millj. kr.

Í framhaldinu var gerð krafa um að matsmanni yrði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína og í mars 2017 voru skipaðir yfirmatsmenn, til að svara spurningum sem gagnaðili setti fram í matsgerð á sínum tíma, og undirmatsmaður, til að svara nýjum spurningum SSA. Yfirmatsgerð var kláruð í ágúst 2017 og var niðurstaðan að skaðbætur skyldu nema 64 millj. kr.

Haustið 2019 var lögð fram ný yfirmatsgerð í málinu og fór málflutningur fram fyrir Héraðsdómi í lok árs 2020 og var niðurstaða dómsins að vísa málinu frá. Sú ákvörðun var kærð til Landsréttar í upphafi árs 2021 og staðfesti Landsréttur frávisun Héraðsdóms í febrúar 2021.

Sumarið 2021 höfðuðu Sterna Travel og Bílar og fólk nýtt mál með sömu fjárkröfu og áður. Í nóvember 2022 var því máli vísað frá dómi. Félögin kærðu þennan úrskurð ekki til Landsréttar, en settu fram matsbeiðni, til að undirbyggja endurnýjaða málsókn. Með öðrum úrskurði dagsettum 8. mars 2023 féllst héraðsdómur á kröfu SSA um að hafnað yrði að dómkveðja matsmann. Sterna ESS (núverandi nafn félagsins) og Bílar og fólk skutu þeim úrskurði til Landsréttar sem felldi hann úr gildi og samþykkti að dómkvaddur yrði matsmaður. Sá matsmaður hélt fyrsta matsfund í apríl 2024 og er þess vænst að matsgerð verði tilbúin í haust.

Með stefnu áritaðri um birtingu 19.maí 2023 ákváðu Sterna ESS og Bílar og fólk í þriðja sinn að freista þess að fá dóm í málinu. Af hálfu SSA var gerð krafa um frávisun málsins og var það flutt um þann þátt í byrjun apríl 2025 og liggur niðurstaða ekki fyrir við gerð þessa ársreiknings.

Samhliða þessum málarekstri fóru Sterna ESS og Bílar og fólk í sérstakt matsmál á árinu 2023. Matsgerð barst í lok febrúar 2025. Niðurstaða matsmanns var í flestum tilvikum á þá lund, að matsmaður taldi sig ekki geta fullyrt að breytingar á rekstrarafkomu Sterna ESS og Bíla og fólks ehf. á milli ára hafi verið vegna lögbannsins, þó slíkt væri ekki útilokað í tilviki Bíla og fólks. En ef fall í EBITDA hjá Bílum og fólki væri afleiðing lögbannsins, þá taldi matsmaður í þeirra tilviki geta verið samtals 70,3 millj. kr. á virði þess tíma. Liggur þannig engin krafa í fjárhæð fyrir af hálfu Sterna ESS, en Bílar og fólk bókuðu um að dómkrafa þeirra í málinu væri 70,3 millj. kr. í samræmi við framanritað. Í framhaldi af þessu lögðu Sterna ESS og Bílar og fólk ehf. fram yfirmatsbeiðni, sem væntanlega verður tekin fyrir í málinu ef því verður ekki vísað frá dómi. Málið mun því enn og aftur dragast.

7. Aðrar skammtíma kröfur

	2024	2023
Óinnheimtir styrkir	12.700.000	12.700.000
Inneign í virðisaukaskatti	1.777.238	3.616.697
	14.477.238	16.316.697

8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur nema alls 56,2 millj. kr. í árslok 2024. Skiptast þær í 42,2 millj. kr. frá Vegagerðinni og 14,0 millj. kr. í þróunarfé.